

## Fjallskil

Hver sá sem nýtir afréttina eða önnur sameiginleg beitarsvæði fyrir hluta af fé sínu eða heild, skal leggja fram 1 dagsverk, án endurgjalds, fyrir hverjar 20 vetrarfóðraðar kindur sem eru í hans eigu. Sinni fjáreigendi ekki þeim dagsverkum sem honum ber að gera skal hann greiða fyrir þau dagsverk samkvæmt fyrirliggjandi gjaldskrá, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn.

Þeir fjáreigendur sem ekki hyggjast nýta sér afréttina eða önnur sameiginleg beitarsvæði skulu gera Fjallskilanevnd það viðvart fyrir 1. júní ár hvert eftir auglýstum hætti, og skal Fjallskilanevnd miða fjallseðla við það. Komi til þess að ekki sé nægilegur fjöldi fjár sendur á fjall til þess að manna þau dagsverk sem til þarf að hægt sé að fullsmala svæðin að mati Fjallskilanevndar, sér Fjallskilanevnd um að manna þau dagsverk sem út af standa með ráðningu smala. Skulu þau kallast utanaðkomandi dagsverk en lúta sömu gjaldskrá og önnur fjallskil. Utanaðkomandi dagsverk skulu greiðast úr sveitarsjóði skv. 46. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Einnig skal greiða annan kostnað svo sem fæði og öll aukaverk, s.s. akstur af ýmsu tagi, smölun á fjórhjólum, smölun með drónum og laun smalastjóra og fjallkónga úr sveitarsjóði, samkvæmt sömu grein.

Heimilt skal vera að jafna niður dagsverk fjallskilaskyldra aðila með aukaverkum, en slíkt skal koma skýrt fram á vinnuseðli sem fjallskilaskyldir aðilar skila inn til sveitarfélagsins.

Fjallskilanevnd ber að halda skrá yfir það fé sem safnast af afrétti og sameiginlegum beitarsvæðum að hausti og sjá þannig hvort að einhver fjáreigandi hafi nýtt svæðin undir beit án þess að leggja fram dagsverk. Komi til þess skal sá hinn sami greiða sekt í fjallskilasjóð fyrir þau dagsverk sem honum hefði borið að sinna í samræmi við fjárfjölda. Um sektarheimild vísast til 44. gr. laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Jafnframt sér Fjallskilanevnd um að gera tillögu að gjaldskrá og yfirfara reikninga sem berast vegna fjallskila.

Leggja skal þriðjung áætlaðs fjallskilakostnaðar á landverð jarða sem njóta upprekstrarréttar, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda.